

8. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3, miðvikudaginn 6. maí 2015 og hófst kl. 12:00

Mætt eru: Gunnólfur Lárusson formaður, Jósteynn Hermundsson, Steyinn Leósdóttir, Karl Ásberg Steysson, Reimar Sigurjónsson og Elías Pétursson sveitarstjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar.

Dagskrá

1. Urðunarmál Bakkafjörður svör vegna athugasemda.

Svar við athugasemdum vegna auglýstrar tillögu að deiliskipulagi urðunarsvæðis við Bakkafjörð.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir urðunarsvæði á Bakkafirði, Langanesbyggð, auk umhverfisskýrslu, var auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga um umhverfismat áætlanu nr. 105/2006 frá 19.01.2015 til 02.03.2015.

Um er að ræða 3,75 ha svæði norðaustan þéttbýlisins á Bakkafirði en með deiliskipulaginu er þar gert ráð fyrir áframhaldandi rekstri urðunar-, námu og geymslusvæðis í samræmi við gildandi staðfest aðalskipulag Langanesbyggðar. Deiliskipulagið hefur hlotið umsögn Umhverfis- og skipulagsstofnunar. Stofnanirnar gerðu í umsögnum sínum einungis óverulegar athugasemdir. Samkvæmt umsögnunum er staðfest niðurstaða umhverfisskýrslu tillögunnar að ekki er talin hætta á umhverfis- eða heilsufarslegum afleiðingum af rekstri urðunarsvæðisins.

Skipulagstillagan var áður auglýst frá 14. maí 2013 til 26. júní 2013. Vegna athugasemda íbúa á Bakkafirði var skipulagið ekki staðfest.

Eftir samráð við íbúa og samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 11.12.2014 var deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu endurauglýst með lítilsháttar textabreytingum sem hnykktu á stefnu sveitarstjórnar að urðunarstaðurinn verði einungis nýttur þar til aðrar leiðir til meðhöndlunar og/eða urðunar sorps sveitarfélagsins verði færar, og stefnt er á að verði innan næstu 7-10 ára.

Fjórar athugasemdir bárust innan auglýsts athugasemdafrests. Þær eru frá:

- 37 lögráða íbúum á Bakkafirði, dagsett 22.02.2015,
- Péttri Hans Péturssyni og Laufeyju Sigríði Jónsdóttur, dagsett 28.02.2015,
- Jóhanni G. Bergþórssyni, dagsett 25.02.2015
- Kristni Ólafssyni og Hjörleifi Ólafssyni, dags 25.02.2015.

Vegna þess hve innsendar athugasemdir eru samsvarandi og einsleitar í efnislegum atriðum kýs Umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar að svara athugasemdunum sameiginlega og eftir efnisþáttum.

- **1. Athugasemdirnar koma fram þar sem lýst er óánægju með þá stefnu sveitarstjórnar að viðhalda urðunarstað á Bakkafirði. Einnig er því mótmælt að fyrir liggi samkomulag við íbúa á Bakkafirði og fullýrt að samráð hafi ekki verið nægjanlegt auk þess að gerðar eru athugasemdir um vilja sveitarstjórnar vegna deiliskipulagsins og tilvistar framtíðar sorpurðunarsvæðisins á Bakkafirði.**

Nefndin telur að rétt og eðlilega hafi verið staðið að deiliskipulaginu og fyllsta samráðs gætt. Nefndin bendir á í því samhengi að íbúafundur var haldinn á Bakkafirði vegna málsins fyrir auglýsingu tillögunnar með þátttöku fagmanna til kynningar á eðli og efni deiliskipulagsins. Íbúafundir voru haldnir í tengslum við Aðalskipulag sveitarfélagsins auk íbúafings til þverfaglegs og ítarlegs íbúasamráðs. Ítarlegt samráð hefur verið haft við þær opinberu stofnanir og umsagnaraðila sem lög kveða á um.

Á grundvelli framangreinds og framkominna hugmynda og athugasemda íbúa og annarra, munnlegra og skriflegra, samþykkti sveitarstjórn samhljóða á fundi sínum þann 11. 12. 2014 undir lið nr. 4 í fundargerð sinni eftirfarandi bókun til að skýra og staðfesta ítarlegar stefnu sína í sorp- og urðunarmálum samhliða auglýsingu á deiliskipulagstillögunni:

*Einnig samþykkir sveitarstjórn eftirfarandi vegna sorpmála og urðunar á Bakkafirði:
Stefnt er að því að ekki verði urðað á deiliskipulögðum urðunarstað á Bakkafirði lengur en í 7 - 10 ár.*

Vegna urðunar verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir:

Farið verði í öflugt kynningarátak í sorpflokkun og skýrari reglur settar um flokkun.

Starfshópur var skipaður af sveitarstjórn og hlutverk hans er að koma með útfærðar hugmyndir að lausnum í sorpurðun.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur samráð hafa verið fullnægjandi og vilja sveitarstjórnar til framtíðar skýrann.

2. Niðurstöður um óveruleg umhverfis- og heilsufarsleg áhrif tillögunnar eru dregin í efa.

Varðandi athugasemd vegna nálægðar svæðisins við íbúðabyggð á Bakkafirði og hugsanlega hættu vegna þess bendir nefndin á að skipulagssvæðið er í samræmi við núverandi aðalskipulag Langanesbyggðar og aðalskipulag Skeggjastaðahrepps sem áður var í gildi. Nefndin bendir jafnframt á að náið samráð hefur verið við lögbundna umsagnaraðila hjá Umhverfisstofnun (UST) og Skipulagsstofnun. Skipulagið og umhverfisskýrsla þess uppfylla skilyrði laga og hvorugur aðili telur að hvorki hættu né óþægindum muni stafa af skipulagssvæðinu, á íbúa og umhverfi, áhrif séu óveruleg sem þýðir að þau eru undir þeim mörkum sem mönnum og dýrum stafi hætta eða óþægindi af. Nefndin bendir, eins og kemur skýrt fram í umhverfisskýrslu og ábendingum UST, að skylt er að viðhafa vöktunaráætlun á sorpurðunarsvæðum.

Í starfsleyfum koma fram skýrar reglur og ábendingar um vinnubrögð og eftirlitsþætti sem skylt er að vinna eftir til að ekki verði neikvæðar breytingar á.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur áherslu á að Langanesbyggð muni og sé skylt að vinna samkvæmt reglum um vöktun, íbúum og umhverfi til verndunar og upplýsinga.

3. Talið er að tillagan hafi verulega neikvæð áhrif á þróun og uppbyggingu ferðaþjónustu á Bakkafirði.

Varðandi athugasemdir og áhyggjur vegna neikvæðra áhrifa urðunarsvæðisins á ferðaþjónustu á Bakkafirði bendir nefndin á að skipulagið er í samræmi við gildandi og eldra aðalskipulag fyrir Bakkafjörð. Jafnframt ítrekar nefndin vilja sveitarstjórnar í bókun hennar frá 11. 12. 2014 hvað starfstíma varðar og ekki síður áttak til frekari endurvinnslu sem mun draga úr þröf til urðunar. Einnig bendir nefndin á umsagnir UST og Skipulagsstofnunar um skipulagið.

Nefndin ítrekar einnig fyrri athugasemd vegna fyrirbyggjandi áhrifa vöktunaráætlunar. Að lokum bendir nefndin á að samkvæmt skipulaginu er m.a. kvöð um setja umgjörð utanum urðunarsvæðið, gróðurbelti og girðingu, til að draga enn frekar úr mögulegum neikvæðum umhverfis- og sjónrænum áhrifum þess.

Umhverfis- og skipulagsnefnd getur því ekki fallist á að samþykkt deiliskipulagsins hafi teljandi neikvæð áhrif á ferðaþjónustu eða útivist.

4. Áhyggjur koma fram um að tillagan muni rýra verðmæti fasteigna á Bakkafirði.

Umhverfis-, skipulags og byggingarnefnd Langanesbyggðar ítrekar það sem fram hefur komið í fyrri svarliðum að ekkert hefur komið fram í skipulagsferlinu sem bendir til þess urðunarstaðurinn geti valdið neikvæðum áhrifum á umhverfi og mannlíf.

Jafnframt ítrekar nefndin bókun sveitarstjórnar varðandi framtíðarstefnu sveitarfélagsins, fyrirbyggjandi vöktunaráætlun og áttak til endurvinnslu til að draga enn frekar úr magni urðunar. Jafnframt ber enn að ítreka ákvæði um umgjörð til að draga úr mögulegum neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Umhverfis- og skipulagsnefnd getur því ekki tekið undir að tillagan hafi rýrandi áhrif á verðmæti fasteigna á Bakkafirði.

Ofangreind svör við athugasemdum lögð fram, samþykkt samhljóða og vísað til sveitarstjórnar

2. Önnur mál

- a. Formaður lagði fram myndir sem honum bárust og teknar voru á Bakkafirði og sýna hvar slógi hafði verið sturtað í sjóinn. Umhverfis og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að skoða þetta mál og kalla eftir skýringum frá hlutaðeigandi. Samþykkt samhljóða.
- b. Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur undir bókun Landbúnaðarnefndar liður 1a. Ásýnd jarða og varðar ónýtar girðingar í Langanesbyggð. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að ónýtar og aflagðar girðingar verði fjarlægðar.

Fundargerð upplestin og samþykkt
Fundu slitið kl. 12:50